



Garðabæ, 28.maí. 2015

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Efni: Tillaga Samfylkingarinnar og óháðra um hinsegin fræðslu í grunnskólum Garðabæjar.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að hafið verði átak í að efla hinsegin fræðslu í grunnskólum Garðabæjar. Lagt er til að gerður verði samstarfssamningur við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf fyrir nemendur, kennara og starfsfólk grunnskólanna líkt og dæmi eru um úr öðrum sveitarfélögum.

Greinargerð:

Unglingsárin geta verið mörgum erfið og þá sérstaklega þeim sem falla ekki í norm samfélagsins. Margir hinsegin unglingar upplifa það að þeir falli ekki inn í hópinn vegna kynhneigðar eða kynvitundar sinnar og eiga því í meiri hættu en aðrir að einangrast félagslega og verða fyrir aðkasti. Hingsegin ungmenni upplifa oftast vanlíðan og eru líklegri til að reyna sjálfsvíg samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var í Noregi, en hún leiddi í ljós að hlutfall hinsegin ungmenna sem hafa reynt sjálfsvíg er þrisvar til fjórum sinnum hærra en hlutfall annarra ungmenna.

Eitt sterkasta vopnið sem hægt er að beita gegn fordómum og aðkasti er fræðsla og upplýst umræða. Því finnst okkur í Samfylkingunni og óháðum það vera skylda Garðabæjar að tryggja slíka fræðslu innan grunnskóla sveitarfélagsins. Fræðslan skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þau ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynhneigð sinni og kynvitund en ekki síður þeim sem tengjast hinsegin manneskju fjölskyldu- og/eða vinaböndum.

f.h. Samfylkingar og óháðra

Guðrún Arna Kristjánsdóttir